

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 1063, 22. desember 2009, með síðari breytingum.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, er taka á gildi 1. október 2012.

Allir gjaldskrárliðir heits vatns hækka um 4%. Heimlagnir hitaveitu hækka sömuleiðis um 4%.

#### Notkun

	<i>Verð án vsk.</i>	<i>Verð með 7% vsk.</i>
<i>Almenn notkun</i>		
Vatnsverð	107,69 kr./m <sup>3</sup>	115,22 kr./m <sup>3</sup>
Fast gjald	15.655 kr./ár	16.751 kr./ár

#### Iðnaðarvatn

Stærri notendur þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa vatn á 25% verði.

#### Annað

Grunnverð fyrir sumarhús, fjárhús, hesthús og sambærileg hús er fast gjald - minnsta notkun á heitu vatni er 350 m<sup>3</sup>/ár.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni.

Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2% af smásöluverði.

#### Heimlögn

20 - 32 mm	229.946 kr.	246.042 kr.
40 mm	319.368 kr.	341.724 kr.
Breyting	samkvæmt kostnaði	

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. september 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Erla Sigríður Gestsdóttir.*